

Fundur **skólaráðs** með í Kópavogsskóla, haldinn þann 12. mars 2021.

Úr skólaráði mættu Guðmundur Ó. Ásmundsson, skólastjóri, kennararnir Kristinn Sverrisson og Svanborg Ísberg, Jóhannes Larsen, fulltrúi foreldra í skólaráði auk Tóbíasar Dags Úlfssonar, fulltrúa nemenda í skólaráði árið 2020-21 og arftaka hans fyrir skólaárið 2021-22 Birgis Gauta Kristjánssonar. Fjarverandi voru Sólveig Helga Jóhannsdóttir, fulltrúi foreldra, Agnes Hólm Gunnarsdóttir, grenndarfulltrúi og Guðný Sigurjónsdóttir, aðstoðarskólastjóri sem starfar með ráðinu.

Rædd voru samræmd próf í 9. bekk 2021. Þá þegar var búið að ákveða að stærðfræðiprófið skyldi haldið fimmtudaginn 18. mars nk. og enskuprófið föstudaginn 19. mars. Nýjustu upplýsingar kveða hins vegar á um að próftaka sé valkvæð og nemendum bjóðist að taka prófið hvort heldur útprentað á pappír eða í tölvu. Skilyrði var sett fyrir því að allir tækju prófin á sama tíma.

Umbótaáætlun Kópavogsskóla í framhaldi af ytra mati Menntamálastofnunar haustið 2018 var skoðuð og skólastjóri fór yfir gang mála. Menntamálastofnun hefur móttengið og yfirfarið umbótaáætlun Kópavogsskóla á skólaárinu 2020-2021 og að þeirra dómi hefur skólinn brugðist við og unnið að öllum þeim umbótum sem settar voru fram í kjölfar ytra mats á starfsemi skólans. Skólastjóri mun áframsenda gögn Menntamálastofnunar til sveitarfélagsins því stofnunin óskar staðfestingar á að vinnu samkvæmt umbótaráætlun þess og skólans sé lokið og mati sveitarfélags á því hvernig til tókst.

Í umræðunni kom fram að kynningarfundur foreldra að hausti væri æskileg tímasetning hvað varðar kynningu á kennsluáætlunum skólaársins og hvar þær væri að finna.

Ræddar voru starfsreglur sérdeilda við grunnskóla Kópavogs, markmið og hlutverk, móttökuáætlun o.fl. Sérdeildir eru fjórar í grunnskólum Kópavogs, í Álfhólsskóla, Salaskóla, Kópavogsskóla og Snælandsskóla. Þar eru nemendur allir með einstaklingsnámskrá. Menntunarstaða starfsmanna í sérdeildum og mönnun var einnig rædd, en erfitt hefur reynst að finna sérmenntað fólk til starfa þar. Þá voru teknar fyrir innritunarreglur í sérdeild Kópavogsskóla en greiningar skera út um hvort nemendur fá þar inni. Skólastjóri rakti ferlið. Fram kom að útskrift þarf að fara fram með formlegum hætti.

Skóladagatal komandi starfsárs 2021-2022 var lagt fram til skoðunar. Litlar breytingar eru frá núverandi starfsári.

Lagt var fram bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu varðandi mat á innleiðingu aðalnámskrár grunnskóla, en hún fór fram vorið 2019 í öllum grunnskólum landsins. Ýmislegt kom þarna fram svo sem jákvæðni í garð hugmyndafræði námskrárinnar en skemmst er frá því að segja að ekki taldist vel hafa tekist til við innlagninguna né heldur stuðning við hana svo sem hvað varðar námsefni o.fl. Hafa þegar verið áætlaðir fjármunir til næstu skrefa en þörf er á skjótum viðbrögðum vegna þessa.

Kynnt var afrakstur þróunarverkefnisins Þrír stafir en það tekur til yngstu bekkja Kópavogsskóla og elstu nemenda í tveimur leikskólum í Kópavogi, Urðarhóli og Kópahvoli. Verkefni varðar lestrarkennslu, innleiðingu byrjendalæsis og snemmtæka íhlutun í lestrarferlinu þar sem þörf er á. Þróunarverkefnið var styrkt af sveitarfélaginu. Upphæðin nam 1,3 milljónum króna og verður verkefnið opið öllum sem það vilja nota.

Þá var kynnt samvinnunámskrá eða afurð þróunarverkefnis sem námsver Kópavogsskóla vann og var styrkt af Sprotasjóði veturinn 2019-2020. Verkefnið verður kynnt betur síðar. Skólastjóri sagði Sprotasjóð einnig hafa styrkt verkefni á vegum Skemu og Kópavogsskóla.

Fjárhagsáætlun 2021 rædd og kynnt voru helstu atriði hennar.

Undirbúningur fyrir skólaárið 2021-2022 telur skólastjóri komna vel á veg en unnið hefur verið m.a. að því að skýra stöðu ráðningarmál við skólann. Ræddur var að auki breytingar á nemendafjölda næsta skólaár en hann fer hækkandi á ný.

Nemendur báðu skólastjóra að skoða möguleika á því að ef um forföll kennara væri að ræða í fyrsta tíma og gefa þyrfti ákveðnum hópi nemenda frí í byrjun skóladað að senda einungis tilkynningu þess efnis á viðeigandi hóp en ekki allan árganginn. Annar formanna nemendaráðs greindi einnig frá því að nk. mánudag yrði haldið skólaþing í Kópavogsskóla og öðrum skólum sveitarfélagsins og stæðu samtök félagsmiðstöðva fyrir því í þágu nemendalýðræðis (?).

Fundarstjóri sleit fundi rétt fyrir hálf tíu. Fundarritari var Svanborg Ísberg.